

Mál nr. 173/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: L

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að hjóla eftir göngu- og hjólastíg að Urðarbrunni í Úlfarsárdal þegar hún hafi skyndilega lent á göfflum skotbómulyftara sem voru í hárrí stöðu og sköguðu út á stíginn. Höfuð M hafi skolið á göflunum með þeim afleiðingum að hún vankaðist. M telur starfsmenn L hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með því að leggja skotbómulyftaranum á þann hátt að gaflarnir sköguðu út á götuna. V fellst að hluta til á saknæma háttsem en taldi að M ætti að bera helming tjónsins vegna aðgæsluleysis. M telur ekki rétt að hún beri sök. Hún tiltekur að dóttir hennar hafi hjólað á undan en M hafi svo lent á göfflunum, orðið fyrir meiðslum og hafi verið til meðferðar vegna afleiðinga slyssins. M mótmælir því að stígurinn hafi verið vinnusvæði og hafi V ekki lagt nein gögn fram því til stuðnings. Vinnusvæðið hafi verið hinu megin við stíginn og engar viðvaranir hafi verið. Það hafi ekki verið fyrir en eftir slysið sem M hafi vitað að það hafi verið vinnusvæði hinu megin við stíginn. Starfsmaður L hafi lagt lyftaranum tímabundið við hjólastíginn og það sé rangt að lyftarinn hafi sýnilega verið að störfum. M telur háttsemi stjórnanda lyftarans hafa verið óábyrga og gáleysislega og honum hafi borið að ganga úr skugga um að gafflar lyftarans myndu ekki skaga út á gangstíginn. M hafnar því að hún hafi átt að þekkja svæðið til hlítar þótt hún búi í grennd við svæðið.

Í bréfi V kemur fram að M hafi átt að vita um framkvæmdirnar og um mögulegar ferðir vinnuvéla um svæðið. L hafi unnið við lagfæringar gatna og göngustíga, þverana og hraðahindrana í Úlfarsárdal og nánast öll gatnamót og göngustígar við Urðarbrunn hafi verið vinnusvæði sem engum gat dulist. M hafi búið í götunni og mátti því ætla að hún þekkti svæðið vel og yfirstandandi framkvæmdir og mögulegar ferðir vinnuvéla um svæðið. Í ljósi þess hvíli enn ríkari aðgæsluskylda á M en M hafi hjólað á fullri ferð og vanrækt að sýna ítrustu varkárni og aðgæslu kringum vinnuvélarnar. Þá hafi vinnuvélin verið áberandi rauð að lit og með blikkandi viðvörunarljós. V telur M með háttsemi sinni hafa verið meðvöld að slysinu og að hún eigi að bera helming tjónsins sjálf samkvæmt almennum reglum skadabótaréttar um meðábyrgð tjónþola.

Álit.

Það liggur í máli þessu að lyftarinn stóð með gaflana inn í göngustíginn þar sem M var hjólandi þegar hún lenti á göfflunum. Þrátt fyrir það að M hafi mögulega vitað að um vinnusvæði var að ræða gat hún ekki gert ráð fyrir því að gafflar á lyftaranum stæðu inn á göngu- og hjólastíginn þar sem hún var að hjóla með dóttur sinni. L verður að bera ábyrgð á því að lyftaranum sé lagt á stað þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gangandi, hlaupandi eða hjólandi sem gat mögulega staðið hættu af lyftaranum. Með því að gera það ekki sýndi starfsmaður L af sér saknæma og ólögmeta háttsemi sem L ber skadabótaábyrgð á og er V því bótaskyld gagnvart M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu L hjá V

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson